

**Borgarstjórn**  
**16. júní 2020**

### **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um jafnréttisskimun í grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum**

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að láta gera jafnréttisskimun í grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðum á vegum Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að athuga hvort börn njóti sambærilegra tækifæra til þátttöku í verkefnum og viðburðum þegar greiða þarf sérstakt þáttökugjald. Skólinn, frístundaheimilin og félagsmiðstöðvar borgarinnar bjóða upp á fjölbreytt starf þar á meðal að bjóða börnunum upp á að taka þátt í afþreyingu utan húss, heimsækja staði og fara í styttri ferðir. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skoðað verði með kerfisbundnum hætti hvort börnin eru að fá sömu tækifæri til þátttöku án tillits til efnahags foreldra. Efnahagsþrengingar foreldra hafa iðulega áhrif á börnin í fjölskyldunni. Fjölskyldur sem hafa lítið milli handanna og eru jafnvel undir fátæktarviðmiði geta ekki veitt börnum sínum það sama og betur staðir foreldrar. Skuldir og fjárhagsstaða foreldra eiga ekki bitna á börnum. Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir að allir skuli njóta jafns réttar. Mismunun í garð barna á grundvelli efnahags foreldra þeirra samrýmist ekki 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um jafnræði. Í aðalnámskrá grunnskóla segir að ekki megi mismuna börnum eftir félagslegum aðstæðum þeirra. Þegar kemur að skólanum, skólatengdum verkefnum, frístund og félagsstarfi á vegum Reykjavíkurborgar eiga öll börn að sitja við sama borð.

#### **Greinargerð:**

Á bilinu 18- 35 þúsund búa við fátækt hverju sinni, eða 5-10% landsmanna. Af þeim eru 7-10 þúsund í mikilli neyð. Stærstur hluti þeirra eru einstæðir foreldrar, öryrkjar og innflytjendur. Þeir sem eru með ráðstöfunartekjur undir 239.000 á mánuði eiga á hættu að búa við fátækt. Foreldrar þessara barna hafa ekkert aukreitis og þurfa því stundum að neita börnum sínum um þátttöku í félagsviðburðum vegna fjárskorts. Þetta fólk getur ekki mætt óvæntum útgjöldum. Hvernig er háttáð með börn sem búa við fátækt þegar skólatengd verkefni, viðburðir eða ferðir kalla á óvænt útgjöld hjá foreldrum sem eiga ekki krónu aukalega? Þessi börn fá ekki sömu tækifæri til íþrótt- og tómstunda. Sé boðið upp á slíkt í tengslum við skólann fyrir gjald er ekki víst að allir foreldrar geti greitt það gjald.

Það er vitað að allur gangur er á hvernig þessum málum er háttáð og því óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir að borgarstjórn samþykki að gera skimun eða könnun á þessu til að kortleggja hvort börn sitji við sama borð án tillits til efnahags foreldra.

Árið 2019 lagði borgarfulltrúi fram fyrirspurn um þáttökugjöld í grunnskólum og hverjir væru að greiða þau, foreldrar eða skóli. Á fundi borgarráðs 2. maí 2019 kom svar þar sem fram kom að sviðið leitaði eftir svörum frá 36 skólum. Niðurstöður eru að einhverjir skólar greiða yfirleitt kostnað vegna ferðalaga og viðburða. Foreldrar standa hins vegar einir straum af ferðum nemenda í 5 skólum og í 10 skólum standa þeir straum að aðgengi á árshátíð og í þremur tilfellum greiða foreldrar sumarhátíð.

Mikilvægt er að fá upplýsingar um hvernig staðan er nú, hvort þessi mál hafi færst til betri vegar því samkvæmt þessu eru börn ekki að njóta jafnræðis. Þessa þætti þarf að samræma til að auka möguleika barna á jöfnum tækifærum eins og kveður á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, aðalnámskrá og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar.